

Alþingi
Erindi nr. P 141/1445
komudagur 8.2.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 08.02.2013
Tilv. 2013/0155 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um framvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 421. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 24. janúar 2013, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén. Stofnunin þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið. Neytendastofa hefur áður sent umsögn við samhljóðandi frumvarp sem virðist ekki vera búið að taka tillit til. Neytendastofa vill því ítreka fyrri umsagnir sínar varðandi eftirfarandi.

Frá árinu 2000 hefur Neytendastofa tekið fjölmargar ákvarðanir er snerta skráningu og notkun á lénnum. Ákvarðanirnar hafa verið teknar á grundvelli 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er varðar notkun á auðkenni sem annar aðili á betri rétt til. Áður var sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum. Ákvarðanir stofnunarinnar eru kæránlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála sem æðra stjórnvalds. Stofnunin hefur sinnt málaflokknum í fjölda ára og hefur hún því mikla sérþekking á úrlausnum ágreinings er varðar lén og önnur auðkenni.

Samkvæmt frumvarpinu sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna og eru stofnuninni veittar ákveðnar heimildir m.a. varðandi skráningu léns.

Markmið þessa frumvarps er ekki að breyta því að Neytendastofa muni áfram sinna því eftirliti sem hún hefur haft með höndum skv. framangreindri 15. gr. a. laga nr. 57/2005 verði frumvarp þetta að lögum. Samtímis eru eftirlitsákvæði frumvarpsins þó óskýr sem getur leitt til ákveðinnar óvissu fyrir aðila varðandi það hvert skuli leita komi upp ágreiningur um rétt til léns svo og hvort það verði, eftir gildistöku laganna, ef að lögum verður, í verkahring Neytendastofu að framfylgja þeim ákvörðunum sem hún tekur um lén á grundvelli laga nr. 57/2005 eða hvort Póst- og fjarskiptastofnun skuli framfylgja því að farið sé að slíkri ákvörðun með afskráningu.

Í 3. mgr. 15. gr. er um það fjallað að Póst- og fjarskiptastofnun geti kveðið á um afskráningu léns sé ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um úrbætur hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði samkvæmt lögnum séu ekki uppfyllt. Hið sama gildi „*ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum*“. Í dag er framkvæmdin sú að Neytendastofa tekur ákvörðun um sektir fari aðilar ekki að ákvörðun

hennar um afskráningu léns. Neytendastofa fagnar því ef gert verður heimilt að afskrá lén hafi önnur stjórnvöld komist að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum. Ákvæðið getur auðveldað þeim sem stofnunin hefur tekið ákvörðun um að eigi betri rétt til léna að fá þeim rétti sínum framfylgt. Stofnunin telur þó að skýra þurfi betur með hvaða hætti framkvæmdin skuli vera. Af ákvæðinu virðist sem Neytendastofa skuli beina því til Póst- og fjarskiptastofnunar að kveða á um afskráningu léns fari réttthafi léns ekki að ákvörðun Neytendastofu.

Neytendastofa fagnar því að í 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun, Neytendastofa og Einkaleyfastofa setji sameiginlegar leiðbeinandi reglur til að koma í veg fyrir réttaróvissu varðandi ýmis atriði sem varða „málsmeðferð og úrlausn“ þeirra stofnana sem þar er getið um. Í þeim er væntanlega átt við önnur atriði en framfylgd ákvarðana Neytendastofu um afskráningu léna, sbr. ofangreint. Einnig kemur fram í 5. mgr. 17. gr. að greinin útiloki ekki málskot skv. öðrum lögum. Í ljósi þessa ákvæðis telur Neytendastofa ljóst að skv. ákvæðum frumvarpsins sé gert ráð fyrir að skráning geti verið brot á fleiri lögum sem aðrar stofnanir hafa eftirlit með s.s. Neytendastofa.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði 4. og 5. mgr. 17. gr. telur stofnunin að ákvæði 11. og 15. gr. eins og þau eru nú orðuð geti valdið óvissu og þurfi því að vera skýrari hvað varðar höfnun á skráningu eða afskráningu léna sem teljast brot á lögum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki eftirlit með og mun ekki taka ákvarðanir um.

Nauðsynlegt er því að gera breytingar á 11. og 15. gr. frumvarpsins þannig að tekin séu af öll tvímæli að þessu leyti. Hér á eftir er að finna tillögur að lagfæringum að þessu leyti.

Athugasemdir við 11. gr. Skilyrði skráningar:

Í ákvæðinu er fjallað um almenn skilyrði skráningar, kröfur sem gerðar eru til réttthafa og í hvaða tilfellum heimilt sé að hafna skráningu. Í 6. mgr. 11. gr. er eftirfarandi ákvæði:

„Hafna má skráningu léns gangi hún gegn lögum eða reglum um skráningu léna.“

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að heimilt sé að hafna umsókn um lén gangi skráningin gegn lögum eða reglum um skráningu léna. Neytendastofa telur að ef fyrir liggur skýr ákvörðun þar til bærst stjórnvalds um að lén sé andstætt lögum þá eigi að vera ótvíræð skylda til að hafna skráningu en ekki heimild. Í athugasemdum kemur jafnframt fram að ákvæðið sé að samskrifa fyrirmynd.

Neytendastofa gerir athugasemd við að út frá umfjöllun í greinargerð með ákvæðinu megi ráða að skráningarstofa meti hvort skráning brjóti gegn réttindum annarra, t.d. vörumerkjarétti, en ekki eingöngu hvort skráning brjóti gegn ákvæðum frumvarpsins og reglum um skráningu léna. Umfjöllun í greinargerð er til þess fallin að valda óvissu um hvaða stjórnvald hafi eftirlit með lögum er varða auðkenni og mætti því skýra ákvæðið betur.

Vegna þessa vill Neytendastofa einnig benda á að eftirlit með notkun á auðkenni sem annar á betri rétt til er ólík hér á landi og í Svíþjóð. Þannig er, eins og áður segir, ákvæði í þeim lögum sem Neytendastofa hefur eftirlit með þar sem fjallað er um að fyrirtæki sé óheimilt að nota auðkenni sem annað fyrirtæki á betri rétt til, þannig að hætta sé á að neytendur ruglist á fyrirtækjunum. Í Svíþjóð er engin opinber stofnun með sambærilegt eftirlit. Stofnunin telur að

hafa verði þetta í huga þegar metið er hversu nákvæmlega eigi að taka upp sambærileg ákvæði og er að finna í sænsku löggjöfinni, sem vísað er til í athugasemdum við ákvæði 11. gr. frumvarpsins.

Neytendastofa leggur til að 6. mgr. 11. gr. orðist svo:

„Hafna **skal** skráningu léns gangi hún gegn lögum eða reglum um skráningu léna.“

Neytendastofa vill þó áréttta að upp geta komið tilvik þar sem ekki er ljóst við skráningu léns að hún feli í sér brot á lögum, t.d. ef ekki liggur fyrir ákvörðun lögbærs stjórnvalds, s.s. Neytendastofu, Einkaleyfastofu eða Póst- og fjarskiptastofnunar um rétt til skráningar skv. þessu ákvæði. Í þeim tilvikum færi ágreiningur sem upp kæmi eftir skráningu léns til meðferðar hjá stjórnvaldi og ákvörðun þess stjórnvalds geta leitt til þess að afskrá þyrfti lénið.

Athugasemdir við 15. gr. Eftirlit og viðurlög

Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit og viðurlög. Samkvæmt ákvæðinu hefur Póst- og fjarskiptastofnun eftirlit með því að skráningarskrifstofur sinni skyldum sínum samkvæmt lögnum. Í 3. mgr. 15. gr. er eftirfarandi ákvæði:

„Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að kveða á um nauðsynleg úrræði séu ákvæði laga þessara ekki uppfyllt. Þar á meðal getur stofnunin tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga. Þá skal stofnuninni heimilt að gera kröfu um úrbætur af hálfu rétthafa eða skráningarstofu komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum séu ekki uppfyllt. Sé ekki orðið við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um úrbætur er stofnuninni heimilt að kveða á um að lén verði afskráð úr rétthafaskrá. Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum.“ (Undirstrikun Neytendastofu)

Af lestri greinarinnar má ráða að Póst- og fjarskiptastofnun muni sjálf meta hvort skráning sé í andstöðu við ákvæði annarra laga en þeirra sem henni er falið að hafa eftirlit með, skv. lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Neytendastofa telur nauðsynlegt að orðalagið verði lagfært þannig að þessu leyti skapist ekki óvissa og tekin séu af öll tvímæli.

Neytendastofa leggur því til að 2. másl. 3. mgr. 15. gr. verði bætt við eftirfarandi orðum og hann orðist svo:

„Þar á meðal getur stofnunin tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga **sem hún hefur eftirlit með**“.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir